

Ár 2018, þriðjudaginn 27. febrúar, kom úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar, sem starfar samkvæmt 12. gr. laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, saman til að kveða upp úrskurð í máli nr. 2/2017:

X

og

Y

Úrskurðinn kveða upp lögfræðingarnir Dögg Pálsdóttir og Elsa S. Þorkelsdóttir og sr. Svavar Stefánsson sem skipaður var 21. september 2017 ad hoc í úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar vegna mála nr. 1-5/2017 auk sérfróðs aðila dr. Berglindar Guðmundsdóttur sérfræðings í klínískri sálfræði sem úrskurðarnefndin ákvað 3. janúar 2018 að kveða sér til fulltingis við meðferð málsins, sbr. lokamálslið 12. gr. starfsreglna nr. 730/1998 um úrskurðarnefnd og áfrýjunarnefnd þjóðkirkjunnar.

Upp er kveðinn svohljóðandi

## Ú R S K U R Ð U R :

### 1. MÁLSAÐILAR

Málshefjandi er X, [...] kt. [...]. Gagnaðili er Y kt. [...].

### 2. INNGANGUR

Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar (hér eftir úrskurðarnefnd) barst hinn 18. september 2017 frá fagráði um meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar (hér eftir fagráð) frásögn málshefjanda um kynferðislega áreitni af hendi gagnaðila sem hún segir hafa staðið yfir um nokkurra mánaða skeið haustið 2004 og fyrri hluta árs 2005, sem málshefjandi gerði fagráðinu grein fyrir á fundi 11. september 2017.

Úrskurðarnefnd kom saman 21. september 2017 til að ræða erindið og komst að þeirri niðurstöðu að þar sem það bærisk frá fagráði bæri nefndinni að taka það til efnislegrar meðferðar sbr. 5. gr. starfsreglna um meðferð kynferðisbrota innan íslensku þjóðkirkjunnar nr. 955/2009 með breytingum nr. 952/2010.

Á fundinum tilkynnti nefndarmaðurinn sr. Hreinn S. Hákonarson að hann teldi sig vanhæfan til meðferðar málsins. Í ljós kom að svo virtist sem Prestastefna 2015 hefði engan varamann kosið fyrir sr. Hrein. Úrskurðarnefndin fór þess því á leit við biskup með tölvubréfi 21. september 2017 að biskup skipaði ad hoc nefndarmann til meðferðar málsins. Með tölvubréfi biskups sama dag var tilkynnt að sr. Svavar Stefánsson hefði verið skipaður ad hoc í úrskurðarnefndina til meðferðar málsins.

Varði mál siðferðis- eða agabrot starfsmanns þjóðkirkjunnar skal úrskurðarnefndin í upphafi meta hvort rétt sé að leggja til að hlutaðeigandi verði veitt leyfi frá starfi meðan um málið er fjallað í nefndinni, sbr. 3. mgr. 6. gr. starfsreglna nr. 730/1998 (hér eftir starfsreglur um úrskurðarnefnd). Með tölvubréfi til biskups dags. 21. september 2017 kallaði úrskurðarnefndin því eftir upplýsingum um það hvort búið væri að setja gagnaðila í leyfi. Með tölvubréfi biskups sama dag var tilkynnt að gagnaðili væri í leyfi frá störfum frá 21. september 2017 og þar til úrskurðarnefndin hefði lokið störfum og eftir atvikum lengur ef mál skipist svo.

Með tölvubréfi til málsaðila dags. 22. september 2017 tilkynnti úrskurðarnefndin framangreint.

Með tölvubréfi dags. 23. september 2017 tilkynnti Einar Gautur Steingrímsson hrl. að hann gætti hagsmuna gagnaðila fyrir úrskurðarnefndinni. Í símtali 13. nóvember 2017 tilkynnti Þyrí H. Steingrímsdóttir hrl. að hún gætti hagsmuna málshefjanda fyrir úrskurðarnefndinni.

Við upphaf málsmeðferðar var það mat úrskurðarnefndar að eins og málið væri vaxið væri ekki ástæða til að leita sátta, sbr. 1. og 4. mgr. 6. gr. starfsreglna um úrskurðarnefnd.

Með vísan til rannsóknarreglu í 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 (hér eftir stjórnsýslulög) og 12. gr. starfsreglna um úrskurðarnefnd kallaði úrskurðarnefndin eftir upplýsingum frá formanni fagráðs sr. Elínu Hrund Kristjánsdóttur með tölvubréfi 16. október 2017. Svar formanns fagráðs barst með tölvubréfi næsta dag, 17. október. Með vísan til rannsóknarreglu fékk úrskurðarnefndin formanninn til viðtals við sig á fundi 4. desember 2017 og fyrirverandi formann fagráðs sr. Gunnar Rúnar Matthíasson 5. s.m.

Málsaðilar lýstu gagnaöflun lokið við upphaf málflutnings sem fór fram 26. janúar 2018. Var málið tekið til úrskurðar að honum loknum.

Eftir að úrskurðarnefndin tók málið til úrskurðar 26. janúar 2018 taldi nefndin sig þurfa nánari upplýsingar um það frá biskupi hvort og þá hvaða vitneskja hefði legið fyrir hjá biskupi við afgreiðslu máls málshefjanda í máli nr. 1/2017 um önnur mál sem nú eru til meðferðar hjá nefndinni. Var biskupi því ritaði tölvubréf þar að lútandi 1. febrúar 2018, sem var írekað 7. s.m. Svar biskups barst með tölvubréfi 12. febrúar 2018. Þar kom fram að við meðferð máls nr. 1/2017 vissi biskup einnig af þessu máli og máli nr. 5/2017.

### 3. KRÖFUGERÐ

Málshefjandi óskar eftir að úrskurðarnefndin taki afstöðu til þess hvort háttsemi gagnaðila gagnvart henni sé agabrot eða siðferðisbrot sbr. 12. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 (hér eftir þjóðkirkjulög). Þá er þess krafist, komist nefndin að þeirri niðurstöðu að um agabrot sé að ræða, að gripið verði til þeirra úrræða sem 4. mgr. 12. gr. segir til um. Í báðum tilvikum vísar málshefjandi einnig til starfsreglna um úrskurðarnefnd, einkum 5. og 17. gr.

Gagnaðili krefst þess aðallega að máli málshefjanda verði vísað frá úrskurðarnefndinni. Til vara krefst gagnaðili þess að úrskurðarnefnd ákveði að aðhafast ekkert frekar í málinu.

### 4. MÁLAVEXTIR

Málshefjandi lýsir málavöxtum svo í viðtali hjá fagráði hinn 11. september 2017 að það hafi verið haustið 2004 sem gagnaðili hafi komið í [...], þar sem málshefjandi starfar, og bókstaflega lyft henni upp og haldið henni fastri og var bara að heilsa henni. Hann gerði þetta nokkrum sinnum þegar hann kom í [...].

Málshefjandi fór til yfirmanns síns og spurði hvort henni finndist þetta eðlilegt. Sér finnist þetta óþægilegt. Framkvæmdastjórinn sagði eitthvað á þá leið að gagnaðili væri bara svona hress. Málshefjanda fannst einhvern veginn að [...] ættu ekki að gera svona en fór samt meira í að afsaka þessa hegðun.

Framkoma / hegðun gagnaðila jókst síðan jafnt og þétt að sögn málshefjanda. Alltaf þegar gagnaðili kom á vinnustað málshefjanda stóð hann nálægt henni og kom því þannig fyrir að hann snerti hana. Hún var alltaf að reyna að forðast hann.

Til stóð að [...] [...] færi í náms- og skemmtiferð til [...] ásamt [...] og fleira fólki úr [...]. Málshefjandi ætlaði að fara með enda starfaði hún í [...]. Gagnaðili átti að vera fararstjóri og óx honum nú mjög ásmegin. Hann kom nokkrum sinnum aftan að málshefjanda á vinnustað hennar og hafði einstakt lag á að koma henni að óvörum. Hann talaði um alls kyns hluti sem hann vildi gera með málshefjanda þegar þau færu saman til útlanda.

Málshefjandi segir gagnaðila hafa endalaust verið að koma á vinnustað hennar. Eitt skiptið kom gagnaðili inn í eldhúsið á vinnustaðnum, slefaði ofaní hálsmál málshefjanda og sagði við hana hvað hann ætlaði að gera með henni og við hana uppi á hótélherbergi þegar þau væru komin til útlanda.

Málshefjandi segir eitthvað hafa gerst hjá sér í þetta skiptið. Hún fór aftur til framkvæmdastjórans og sagði henni frá þessu. Næst þegar gagnaðili kom gekk framkvæmdastjórinn í veg fyrir hann og sagði honum að koma ekki svona fram.

Gagnaðili kom ekki lengi eftir þetta og aldrei inn fyrir afgreiðsluborðið. Eitt sinn þegar hann kom hafi hann spurt: „Er ekki allt í góðu?“

Málshefjandi segir að þessi áreitni af hálfu gagnaðila hafi staðið yfir lengi. Málshefjandi fór ekki í ferðina til Noregs, sem var farin 26. - 30. janúar 2008. Hún treysti sér ekki til að segja [...] af hverju, gat það bara ekki. Hún gat ekki sagt þeim hvað gagnaðili hefði sagt og gert, m.a. bókstaflega slefað ofan í hálsmálið á henni og lyft henni upp. Málshefjandi segist hafa borið upp einhverja afsökun, persónulegar ástæður. Annar fór í hennar stað í ferðina.

Í minningunni finnst málshefjanda eins og gagnaðili hafi alltaf verið að koma. Auðvitað hafi það ekki verið þannig en óþægindin voru svo mikil. Málshefjandi segir áreitnina hafa verið slæma, lymskulega. Málshefjandi segir að henni stafi enn ógn af gagnaðila þó hún beri ekki kala til hans. Málshefjandi segir áreitni gagnaðila hafa einskorðast við vinnustað hennar.

Á fundi úrskurðarnefndar 4. október 2017 staðfesti málshefjandi frásögn sína hjá fagráðinu. Hún telur háttseminna hafa staðið yfir í 6-9 mánuði. Málshefjandi segist ekki hafa fengið neinar leiðbeiningar þegar hún kvartaði til yfirmanns í fyrra skiptið.

Á fundi úrskurðarnefndar 9. janúar 2017 segir málshefjandi aðspurð að líðan hennar á þessum tíma hafi verið ömurleg. Hún hafi oft verið ein í [...]. Mörkin í samskiptum gagnaðila gagnvart henni hafi verið langt frá því að vera eðlileg. Aðspurð telur málshefjandi að aldrei hafi verið vitni að framkomunni en framkvæmdastjóri [...] hafi verið vitni að því þegar gagnaðili lyfti henni upp. Málshefjandi kannast ekki við að hafa komið hlaupandi á móti honum, eins og gagnaðili fullyrði.

Aðspurð segir málshefjandi að gagnaðili hafi alltaf farið yfir mörkin hennar með líkamlegri snertingu og orðum. Hann hafi komið aftan að henni og tekið utan um hana.

Aðspurð segir málshefjandi að háttsemi gagnaðila hafa stoppað eftir að hún fór í síðara skiptið til framkvæmdastjórans og sagði henni að það yrði að stoppa þetta. Framkvæmdastjórinn talaði þá við gagnaðila og háttsemin hætti.

Aðspurð staðfesti málshefjandi líkamlega snertingu og tal og sagði málshefjandi gagnaðila hafa sagst vilja vera með henni uppi á herbergi og gera ýmislegt með henni af kynferðislegum toga. Þetta hafi verið tal af hálfu gagnaðila um kynferðislegt samneyti milli þeirra.

Aðspurð af hverju hún leitaði til úrskurðarnefndar nú skýrir málshefjandi frá því að hún eigi eldri sögu. Mikil umræða sé um svona mál. Málshefjanda minni að hún hafi spurt formann fagráðsins um starfsemi ráðsins og ákveðið eftir það að ræða við fagráðið. Hún fann til mikils léttis eftir að hún sagði fagráðinu sögu sína.

Aðspurð sagðist málshefjandi hafa verið hvött af sínu fólki (fjölskyldu) til að segja sögu sína. Málshefjandi sagðist einnig hafa hitt málshefjanda í máli nr. 1/2017, sem vissi um hennar sögu gegnum sameiginlegan vin og þær ræddu saman.

Meðal gagna málsins er yfirlýsing frá [...] framkvæmdastjóra [...] dags. 17. janúar 2018 þar sem staðfest er að málshefjandi hafi haustið 2004 sagt henni frá óviðeigandi framkomu gagnaðila. Hún hafi boðist til að ræða þetta við gagnaðila við fyrsta mögulega tækifæri.

Samtalið hafi verið eintal hennar, ekki samtal, um að almennt yrði að passa sig í samskiptum við annað fólk því ekki væri hægt að vita hvað hver og einn hefði upplifað sem barn og unglingur. Margir hefðu erfiða reynslu og nefndi framkvæmdastjórinn málshefjanda í því sambandi. Framkvæmdastjórinn telur í yfirlýsingu sinni engan vafa á því að gagnaðili tók eintalið, þessi óljósu skilaboð til sín.

Gagnaðili lýsir málavöxtum svo í greinargerð lögmanns síns dags. 14. nóvember 2017: Á árinu 2004 var hann formaður [...] og átti oft erindi í [...]. Um skeið hafi hann og málshefjandi heilsast með faðmlagi og kossi á kinn af græskulausri vinsemd af beggja hálfu. Málshefjandi hafi iðulega komið hlaupandi til hans þegar þau sáust. Hann minnst þess að hafa lyft henni upp a.m.k. einu sinni við þessar aðstæður. Hann var upplýstur um að málshefjandi vildi hverfa frá þessum samskiptum og hann brást vel við því þegar í stað eins og báðir aðilar eru sammála um. Hann kannist einnig við það að hafa einhvern tíma spurt málshefjanda hvort ekki væri allt í lagi milli þeirra.

Gagnaðili skýrir einnig frá því í greinargerð sinni að á árinu 2011 hafi þáverandi formaður fagráðs skýrt honum frá því að tvær konur hefðu kvartað yfir því að þeim hefðu þótt samskipti við hann óþægileg. Hann brást við með því að fá handleiðslu sálfræðings um þessi samskipti og segist hafa verið afar gætinn síðan. Ásakanir í máli nr. 1 og 5/2017 séu ekki sönnun um hið gagnstæða. Að kröfu biskups segist gagnaðili hafa farið í sálfræðiviðtöl sumarið 2017. Var það mat sálfræðingsins, sem var í trúnaðarsambandi við biskupsstofu, og biskups sjálfs að ekkert kæmi í veg fyrir að gagnaðili héldi störfum áfram sem [...] í [...]. Þetta 13 ára gamla mál geti ómögulega breytt neinu þar um.

Gagnaðili segist aldrei hafa orðið var við skugga í samskiptum hans og málshefjanda, t.d. þegar hann hefur komið í [...].

Á fundi úrskurðarnefndar 5. desember 2017 vísaði gagnaðili í frásögn sína í greinargerð lögmanns og kannast ekki við lýsingu málshefjanda á kynferðislegu tali milli þeirra. Í hans minningu sagði málshefjandi sjálf við hann að hún kynni ekki við framkomu hans. Gagnaðili minnst ekki milligöngu framkvæmdastjóra [...] en áréttar að atvikið sé frá 2004. Aðspurður segir gagnaðili að málshefjandi hafi sjálf sagt að hún vildi ekki að þau væru lengur að heilsast með þessum hætti, þetta hafi verið einhver leikur milli þeirra en hann man ekki hvernig þetta hafi byrjað. Koss á kinn, ekki meira.

## 5. MÁLSÁSTÆÐUR MÁLSAÐILA

### 5.1 Málástæður málshefjanda

Háttsemi gagnaðila þegar hann faðmaði málshefjanda, lyfti henni upp svo hún hafi hangið í lausu lofti föst í faðmi hans og hann þá kysst kinnar hennar. Um mörg tilvik hafi verið að ræða.

1. Háttsemin hafi á árinu 2004 brotið í bága við 2. mgr. 17. gr. laga nr. 96/2000 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla um kynferðislega áreitni. Til vara hafi í háttseminni falist kynbundin áreitni.
2. Háttsemin hafi á árinu 2004 talist kynferðislegt ofbeldi samkvæmt reglum sem þá giltu um meðferð kynferðisbrota innan íslensku þjóðkirkjunnar frá árinu 1998. Hér var ekki eingöngu um káf og kossa að ræða heldur beitt aflsmunar þar sem gagnaðili hélt þéttingsfast utan um málshefjanda þannig að hún sat föst í faðmi hans. Hann lyfti henni oft upp án fyrirvara þannig að hún hékk í lausu lofti í faðmi hans. Til vara hafi verið um kynferðislega áreitni að ræða í skilningi hugtaka starfsreglnanna.
3. Háttsemin hafi í sérhvert sinn falið í sér brot gagnaðila á þá óskrifuðum siðareglum [...]. Ganga beri út frá því að grunnreglur gildandi siðareglna hafi gilt um afstöðu og viðmót [...] við aðra sbr. gildandi greinar 2.2 og 2.3.

4. Háttsemin hafi í sérhvert sinn falið í sér brot gagnaðila á siðareglum vígðra þjóna og annars starfsfólks þjóðkirkjunnar, sem samþykktar voru á kirkjuþingi árið 2009 en þá hafi verið um að ræða ritun á óskrifuðum siðareglum kirkjunnar.

Þegar gagnaðili haustið 2004 á vinnustað málshefjanda hafi slefað í hálsmál hennar, sagst vilja vera með henni upp á hótélherbergi og gera ýmislegt með henni af kynferðislegum toga og boðið þar með kynferðislegt samneyti sem málshefjandi hafi hafnað:

1. Í þessari háttsemi gagnaðila hafi falist kynferðislegt áreiti þar sem brotin hafi verið bæði ákvæði 2. og 3. mgr. 17. gr. laga nr. 96/2000 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.
2. Með þessari háttsemi sinni hafi gagnaðili brotið þá óskrifaðar siðareglur [...]. Ganga beri út frá því að grunnreglur gildandi siðareglna hafi gilt um afstöðu og viðmót [...] við aðra, sbr. gildandi greinar 2.2 og 2.3.

## 5.2 Málástæður gagnaðila

Gagnaðili byggir aðalkröfu sína, kröfu um frávísun, aðallega á því að engin krafa hafi verið gerð af hálfu málshefjanda fyrir úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar en einnig á því að mögulegt ágreiningsefni falli ekki undir valdsvið nefndarinnar. Hvorutveggja eigi að leiða til frávísunar frá úrskurðarnefnd.

Varakröfu sína um að úrskurðarnefndin aðhafist ekki frekar byggir gagnaðili á því að málshefjandi hafi engar kröfur gert fyrir nefndinni. Í öðru lagi geti nefndin ekki gert upp á milli frásagnar málshefjanda og gagnaðila. Það sé í andstöðu við lög og dómaframkvæmd, afturhvarf frá réttarríkinu. Þá sé svo langur tími liðinn að hvorugur aðili geti treyst á minni sitt. Frásögn málshefjanda beri með sér að samskiptin milli hennar og gagnaðila voru öðruvísi þá en eftir að fimm málshefjendur fóru að koma saman og hafa áhrif hver á aðra. Ekkert liggi fyrir annað en að gagnaðili hafi fengið þau skilaboð að samskipti málsaðila hafi verið velkomin. Eftir að þau voru lýst óvelkomin vanti alla endurtekingu á samskiptunum. Ekkert sé komið fram um kynferðislega áreitni í skilningi 199. gr. almennra hegningarlaga sem raunar hafi ekki verið lögfest á þeim tíma sem samskiptin voru. Önnur ákvæði almennra hegningarlaga gátu ekki tekið til tilviksins. Úrskurðarnefndin geti ekki gert upp á milli frásagna aðila í þessum efnunum og ekkert siðferðisbrot hafi verið upplýst fyrir nefndinni.

Vegna fullyrðinga um kynferðislega áreitni vísar gagnaðili til hæstaréttardóma í málum nr. 558/2008, 279/2012, 124/2015 og 684/2008.

Loks bendir gagnaðili á að biskup hafi hlutast til um að málshefjandi færi til sálfræðings til að tryggja að hann setti sér mörk í samskiptum á þann hátt að ekkert misskildist. Það var talið tryggt að mati sálfræðings. Í framhaldi þess ákvað biskup að gagnaðili gæti starfað áfram sem [...] í [...]. Úrskurðarnefndin geti ekki lagt til að biskup á grundvelli 13 ára gamalla atvika taki upp stjórnarsýslumál að nýju enda séu skilyrði 25. gr. stjórnarsýslulaga ekki uppfyllt. Vandséð sé hvað úrskurðarnefndin eigi að gera með svo gömul atvik sem væru fyrnd, hefði háttsemin verið refsiverð, sem hún var ekki að mati gagnaðila.

## 6. NIÐURSTAÐA

### 6.1 Krafa gagnaðila um frávísun

Gagnaðili byggir frávísunarkröfu sína á tveimur málástæðum. Í fyrsta lagi að engin krafa hafi verið gerð af hálfu málshefjanda fyrir úrskurðarnefndinni. Í frásögn málshefjanda hjá fagráði lýsir málshefjandi háttsemi af hálfu gagnaðila sem henni fannst óþægileg. Á fundi úrskurðarnefndar 4. október 2017 gerir málshefjandi engar sérstakar kröfur en segir að sér finnist sjálfsagt að gagnaðili biðji hana afsökunar. Á fundi úrskurðarnefndar 15. nóvember 2017, þegar lögmaður hafði tekið við hagsmunagæslu málshefjanda, bókaði lögmaðurinn að

málshefjandi óski úrlausnar úrskurðarnefndar er varða siðferðis- og agabrot og vísaði til 12. gr. þjóðkirkjulaga og 17. gr. starfsreglna um úrskurðarnefnd hvað það varðar. Engar skýrar kröfur lágu því fyrir af hálfu málshefjanda þegar gagnaðili skilaði greinargerð sinni dags. 14. nóvember 2017. Frá því að kröfugerð málshefjanda var frekar útfærð hefur gagnaðili á hinn bóginn haft fjölmörg tækifæri til að bregðast nánar við kröfugerðinni, síðast í málflutningi 26. janúar 2018. Frávísunarkröfu gagnaðila sem byggir á þessari málsástæðu er því hafnað.

Í öðru lagi byggir gagnaðili frávísunarkröfu sína á því að mögulegt ágreiningsefni milli málsaðila falli ekki undir valdsvið nefndarinnar. Samkvæmt starfsreglum um meðferð kynferðisbrota, bæði eldri reglna nr. 739/1998 og gildandi reglna nr. 955/2009 er það meðal úrræða kvartanda í kynferðisbrotamálum að vísa því til úrskurðarnefndar. Þegar af þeirri ástæðu heldur ekki sú málsástæða gagnaðila að ágreiningsefnið falli ekki undir valdsvið nefndarinnar. Frávísunarkröfu gagnaðila sem byggir á þessari málsástæðu er því hafnað.

## 6.2 Efnisleg umfjöllun

Málshefjandi lýsir viðvarandi háttsemi af hálfu gagnaðila gagnvart henni sem staðið hafi yfir um nokkurra mánaða skeið haustið 2004 og fyrri hluta árs 2005. Gagnaðili kannast við að hafa faðmað málshefjanda, kysst hana á kinn og a.m.k. einu sinni lyft henni upp. Hann telur að um leik hafi verið að ræða milli þeirra. Gagnaðili man samskiptin þannig að málshefjandi hafi sagst vilja hætta þeim og þá hafi hann hætt. Gagnaðili mótmælir því að hafa talað með kynferðislegum hætti við málshefjanda.

Þó málsaðilum beri ekki að öllu leyti saman um málavexti varðandi samskipti þeirra þetta tímabil er talsverður samhljómur í frásögnum þeirra. Þó gagnaðili mótmæli kynferðislegu tali við málshefjanda liggur fyrir í gögnum málsins að málshefjandi leitaði til yfirmanns síns vegna þess og styður það frásögn hennar. Framkvæmdastjórinn segir í áður nefndu tölvubréfi dags. 17. janúar 2018 að hún hafi átt eintal við gagnaðila eftir að málshefjandi skýrði henni frá því að gagnaðili hefði áreitt hana með orðum og athöfnum. Úrskurðarnefndin telur því að leggja beri til grundvallar frásögn málshefjanda um háttsemi gagnaðila gagnvart henni.

Í máli þessu er eins og að framan er rakið óskað eftir afstöðu úrskurðarnefndar til þess hvort háttsemi gagnaðila gagnvart málshefjanda feli í sér aga- eða siðferðisbrot skv. 12. gr. þjóðkirkjulaga.

Úrskurðarnefndin telur að þó svo að 13 ár séu frá því að atvikið gerðist og mögulega enn lengri tími þá eigi málshefjandi rétt á því að fá efnislega afstöðu úrskurðarnefndairnnar til þess hvort í þeirri háttsemi gagnaðila, sem úrskurðarnefndin telur að leggja megi til grundvallar, felist aga- eða siðferðisbrot skv. 12. gr. þjóðkirkjulaga.

Hugtökin agabrot og siðferðisbrot eru ekki skýrð í þjóðkirkjulögunum eins og fram kemur í úrskurði áfrýjunarnefndar þjóðkirkjunnar í máli nr. 1/1999 frá 3. september 1999. Áfrýjunarnefndin telur að í agabroti felist brot á sérstökum agareglum eða óhlýðni við löglegar ákvarðanir og fyrirmæli yfirboðara, sbr. 11. gr. þjóðkirkjulaga um kirkjuaga. Úrskurðarnefndin telur að miðað við skilgreiningu áfrýjunarnefndar á agabroti teljist háttsemi gagnaðila gagnvart málshefjanda ekki agabrot.

Í sama úrskurði áfrýjunarnefndarinnar segir að hugtakið siðferðisbrot hafi mjög óljósa merkingu í lagamáli. Ganga megi að því vísu að siðferðisbrot þurfi ekki að vera refsivert brot að lögum, jafnvel ekki neins konar réttarbrott. Siðferðisbrot þurfi ekki heldur að vera svívirðilegt að almenningsáliti. Rétt sé að miða við eins konar vísireglu, er veiti úrskurðaraðilum svigrúm til þess að móta og ákvarða eftir siðferðislegum og félagslegum mælikvarða á hverjum tíma, hvað sé siðferðisbrot. Í því efni skipti verulegu máli hver staða starfsmannsins er og við hvaða aðstæður hin umdeildu atvik gerast. Almennt verði að gera strangar kröfur til [...] þjóðkirkjunnar um að gæta hófsemi og velsæmis í störfum sínum og hafa í huga virðingu þeirrar

stofnunar, sem þeir starfa hjá eða eru í fyrirsvari fyrir. Það er mat úrskurðarnefndar að kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni hljóti alltaf að teljast siðferðisbrot skv. 12 gr. þjóðkirkjulaga.

Kemur þá til skoðunar hvort háttsemi gagnaðila gagnvart málshefjanda teljist kynferðisleg áreitni skv. 2. mgr. 17. gr. laga nr. 96/2000 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, eins og málshefjandi heldur fram. Samkvæmt tilgreindu lagaákvæði telst kynferðisleg áreitni sú kynferðislega hegðun sem er ósanngjörn og/eða móðgandi, er í óþökk þess sem fyrir henni verður, hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess sem fyrir henni verður og er haldið áfram þrátt fyrir að gefið sé skýrt í skyn að hegðunin sé óvelkomin. Það er mat úrskurðarnefndar að hegðun gagnaðila gagnvart málshefjanda í máli þessu megi fella undir lagaákvæðið að því frátöldu að gagnaðili lét af háttsemi sinni eftir eintal framkvæmdastjóra. Háttsemi gagnaðila fellur því ekki undir skilgreiningu hugtaksins kynferðislegt áreiti samkvæmt 2. mgr. 17. gr. laga nr. 96/2000.

Kemur þá til skoðunar hvort háttsemi gagnaðila teljist siðferðisbrot skv. 12. gr. þjóðkirkjulaga óháð því að háttsemin teljist ekki kynferðislegt áreitni samkvæmt þeim lögum sem þá voru í gildi.

Í framangreindum úrskurði áfrýjunarnefndar segir að við mat á því hvað sé siðferðisbrot beri að veita úrskurðaraðilum svigrúm til að móta og ákvarða eftir siðferðislegum og félagslegum mælikvarða á hverjum tíma. Þá skiptir staða viðkomandi verulegu máli og við hvaða aðstæður hin umdeildu atvik gerast. Það er álit nefndarinnar að almennt verði að gera strangar kröfur til [...] þjóðkirkjunnar um að gæta hófsemi og velsæmis í störfum sínum. Fyrir liggur að háttsemi gagnaðila gagnvart málshefjanda stóð yfir í 6-9 mánuði. Nefndin telur háttsemina hvorki hófsama né sæmandi [...]. Það er því niðurstaða úrskurðarnefndar að gagnaðili hafi með háttsemi sinni gagnvart málshefjanda gerst sekur um siðferðisbrot skv. 12. gr. þjóðkirkjulaga.

Þó það sé niðurstaða úrskurðarnefndar að gagnaðili hafi með háttsemi sinni gagnvart málshefjanda gerst sekur um siðferðisbrot, skv. 12. gr. þjóðkirkjulaga verður að mati úrskurðarnefndar ekki framhjá því litið að þegar málshefjandi skýrði fagraði frá háttseminni voru 13 ár frá því að hún gerðist. Svo löngu eftir atvik er ekki unnt að grípa til úrræða á grundvelli laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 (hér eftir starfsmannalög) gagnvart gagnaðila þar sem tímalegt samhengi þarf að vera milli háttsemi og úrræða samkvæmt starfsmannalögum. Vísast í því sambandi m.a. til dóms Hæstaréttar í máli nr. 72/2000.

Þá liggur fyrir að vegna háttsemi gagnaðila gagnvart konum, m.a. málshefjanda, hefur biskup þegar gripið til agaúrræða skv. 11. gr. þjóðkirkjulaga, sbr. bréf biskups 29. maí 2017. Gagnaðili sætti tiltali af hálfu biskups, fór í tímabundið leyfi og samþykkti að leita sér sérfræðiaðstoðar á nýjan leik. Að því loknu samþykkti biskup að gagnaðili kæmi aftur til starfa í [...]. Ekki er komin reynsla á það hvort síðari sálfræðiaðstoð gagnaðila hafi borið tilætlaðan árangur því gagnaðili, eftir að mál þetta og tvö önnur bárust úrskurðarnefndinni í september 2017, var gert að fara í ótímabundið leyfi frá störfum meðan málin væru til meðferðar hjá nefndinni. Þá telur nefndin rétt að taka fram að óæskilegt var að í fjölmiðlaumfjöllun um málið birtist frétt á vefnum [w.w.w.kirkjan.is](http://w.w.w.kirkjan.is) þar sem sagt er að ákvörðun um að senda starfandi [...] í leyfi meðan mál er hann varða séu rannsökuð, sé ekki tekin að ástæðulausu.<sup>1</sup> Óréttmætt var að mati úrskurðarnefndar að afstöðu í málinu væri lýst með þessum hætti þar sem leyfi frá störfum er eðlileg málsmeðferð vegna meintra brota af þessu tagi, sbr. 3. mgr. 12. gr. þjóðkirkjulaga.

Að öllu þessu virtu er það niðurstaða úrskurðarnefndar að þrátt fyrir niðurstöðu hennar um að í háttsemi gagnaðila gagnvart málshefjanda hafi falist siðferðisbrot beri að fallast á varakröfu

---

<sup>1</sup> Sjá: [...].

gagnaðila um að aðhafast ekki frekar gagnvart honum vegna þessa máls. Þegar af þeirri ástæðu koma ekki til frekari skoðunar úrræði gagnvart gagnaðila vegna siðferðisbrota hans í máli þessu.

Úrskurðarnefndin telur loks að ekki sé hjá því komist að benda á að óheppilegt er að framkvæmdastjóri [...] skyldi ekki bregðast við kvörtunum málshefjanda vegna háttsemi gagnaðila af meiri festu, leiðbeina málshefjanda um meðferð mála af þessu tagi og aðstoða hana við að beina þeim í þann farveg sem þjóðkirkjan hafði markað með setningu starfsreglna um meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar nr. 739/1998.

### Úrskurðarorð:

Frávísunarkröfu gagnaðila er hafnað.

Fallist er á að gagnaðili hafi gerst sekur um siðferðisbrot samkvæmt 12. gr. þjóðkirkjulaga með háttsemi sinni gagnvart málshefjanda síðari hluta árs 2004 og fyrri hluta árs 2005.

Fallist er á varakröfu gagnaðila um að ekki verði aðhafast frekar gagnvart honum vegna háttsemi hans gagnvart málshefjanda.

\*\*\*

Úrskurði þessum má skjóta til áfrýjunarnefndar skv. 13. gr. þjóðkirkjulaga innan þriggja vikna frá því að málshefjanda er tilkynnt um hann.<sup>2</sup>

Reykjavík, 27. febrúar 2018.

Dögg Pálsdóttir (sign.)

Elsa S. Þorkelsdóttir (sign.)

sr. Svavar Stefánsson (sign.)

Sérfróður aðili, sem úrskurðarnefndin kvaddi sér til fulltingis skv. 12. gr. starfsreglna nr. 730/1998

Dr. Berglind Guðmundsdóttir (sign.)

---

<sup>2</sup> Skv. 34. gr. starfsreglna nr. 730/1998 greiða málsaðilar að jafnaði allan kostnað við störf áfrýjunarnefndar. Nefndin getur þó ákveðið að fella málskostnaðinn að hluta til eða öllu leyti á annan málsaðila. Ef telja má sanngjarnt og eðlilegt, eða þyki hagsmunir þeir sem til úrlausnar eru svo mikilvægir eða hafa umtalsverða almenna þýðingu að mati áfrýjunarnefndar, getur nefndin ákveðið að kirkjumálasjóður greiði allan málskostnað.